

394. fundur.

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 11. ágúst 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Elísabet Lára Björgvinsdóttir,
Rúnar Gíslason,
Davíð Sveinsson,
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórnun.

1. Fundargerðir nefnda
 - 1.1. Fundargerð Húsnaðisnefndar, dags. 3.8.2005.
Fundargerðin samþykkt.
 - 1.2. Fundargerð Hafnarnefndar, dags. 9.8.2005.
Fundargerðin samþykkt.
 - 1.3. Fundargerð Ljósmyndasafns Stykkishólms, dags. 17.7.2005.
Fundargerðin samþykkt.
 - 1.4. Fundargerð Skipulags- og byggingarnefndar, dags. 10.8.2005.
Fundargerð framlögð. Liðir 1,5,6,8,9,10 og 11 samþykktir. Liður 2 bæjarráð leggur áherslu á að litarval falli vel að umhverfinu fjárhúsbyggendur hafi samráð við byggingaarfulltrúa um litarvalið. Liður 4 og 7 vísað til nánari skoðunar fyrir næsta bæjarstjórnarfundar. Fundargerð samþykkt.
2. Sala hita- og vatnsveitu Stykkishólms.
Samþykkt að selja Orkuveitu Reykjavíkur Hita-og vatnsveitu.
3. Lóðaumsóknir
 - 3.1. Íslenska leigufélagið sækir um lóð við Hjallatanga 20, 26 og 28 og Laufásveg reit F og D.
Samþykkt að fresta málinu og bæjarstjóra falið að ræða við umsækjanda.
 - 3.2. Þórir Thorlacius sækir um frest til framkvæmda á Hjallatanga 24.
Samþykkt að veita Þóri Thorlacius umbeðin frest til að hefja framkvæmdir.
 - 3.3. Berglín ehf. sækir um 2. áfanga frístundarbyggðar skv. Deiliskipulagsuppdrætti.
Erindinu hafnað, þar sem nú þegar hefur þessu svæði verið úthlutað.
 - 3.4. Berglín ehf. sækir um lóðir/svæði undir 10-20 bústaði í landi Stykkishólmsbæjar.
Erindinu vísað til skipulags-og byggingarnefndar til nánari skoðunar.
 - 3.5. Berglín ehf. sækir um svæði K og N við Aðalgötu.
Erindinu hafnað vegna umsóknar annara aðila. Bæjarstjóra falið að gera umsækenda grein fyrir málinu.
 - 3.6. Axel Helgason og Sunna Svansdóttir sækja um lóð við Laufásveg 17, og nr. 19. til vara.
Samþykkt að veita Axel Helgasyni og Sunnu Svansdóttir lóðina að Laufásvegi 17.
4. Umsókn um vínveitingaleyfi og fleira.
 - 4.1. Hótel Stykkishólmur.
Samþykkt að veita Hótel Stykkishólmi vínveitingarleyfi á hótelinu, en hafnað að veita vínveitingarleyfi í sölutjaldi á Dönskum dögum.

- 4.2. Sæferðir ehf.
Samþykkt að veita tímabundið leyfi til að halda dansleik í Baldri á Dönskum dögum sunnudaginn 14.ágúst frá kl:00-03. Einnig samþykkt að hafa Sjávarpakkhúíð opið til kl: 04 bæði laugardaginn 13. ágúst og sunnudaginn 14.ágúst.
Samþykkt að veita Sæferðum vínveitingarleyfi í Baldri sunnudaginn 14.ágúst frá kl:00-03.
- 4.3. Fimm fiskar ehf.
Samþykkt að veita Fimm fiskum ehf. endurnýjun á vínveitingarleyfi.
- 4.4. SS-veitingar/Narfeyrarstofa.
Samþykkt að veita SS-veitingar/Narfeyrarstofa endurnýjun á vínveitingarleyfi.
5. Umsókn Tónlistarskólans um kennslumagn.
Samþykkt að auka kennslumagn um 10 kennslustundir skólaárið 2005-2006.
6. Drög að gjaldskrá um búfjárefirlit í Stykkishólmi.
Gjaldskrá samþykkt.
7. Bréf Sjávarútvegsráðuneytis dags. 05.08.05. v/úthlutunar byggðakvóta.
Bréf framlagt.
8. Bréf Ásdísar Herrýar Ásmundsdóttur dags. 29.07.05.
Bréf framlagt.
9. Samningur um fjarskiptaþjónustu við Landssíma Íslands.
Samningur framlagður og samþykktur.
10. Háskólaasetur.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu.
11. Sala á Tjarnarás 13.
Samþykkt að setja Tjarnarás 13 á sölu í september n.k.
12. Þátttaka í ritun Útgerðarsögu Íslands.
Bæjarráð sér sér ekki fært að taka þátt í ritverkinu um Útgerðarsögu Íslands.
13. Lóð Álfgeirs við Silfurgötu.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu og honum falið að svara erindinu varðandi lóðina.
14. Koma Jakobs Sveistrup Eurovisionfara á Danska daga.
Samþykkt að veita kr. 150.000 vegna komu Jakobs.
15. Bréf frá Rarik.
Bréf framlagt.
16. Umsóknir kennara um námstyrk.
Umsóknir frá Sigurborgu Sturludóttur, Hreini Þorkellssyni, Eypóri Benediktssyni, Kristborgu Haraldsdóttur og Margréti Ebbu Ísleifsdóttur um námsstyrk. Umsóknum vísað til næsta bæjarstjórnarfundar.
17. Fyrirspurn varðandi þjöppuprófun á leikskólalóð.
Þjöppuprófun hefur farið fram og er hún er í lagi og verktaki búinn að skila því verki.
18. Fyrirspurn um hvort Hjallatangi og Borgarhlíð er búinn af verktaka.
Bæjarstjóra falið kanna málið.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:00

Þór Örn Jónsson, bæjarritari